

## D02 Hlutleysisstefna

ISAC starfar samkvæmt lögum númer 24 frá 2006 um faggildingu, ISO 17011 og reglugerð EC 765/2008 og veitir faggildingu eftir alþjóðlegum stöðlum. Stjórnendur ISAC skuldbinda sig og bera ábyrgð á að öll faggilding sé veitt á hlutlausan og óhlutdrægan hátt.

Faggilding skal alltaf gerð á hlutlausan hátt og ISAC tekur ekki þátt í neinu sem gæti haft áhrif á hlutleysi stofnunarinnar. Allar ógnir við hlutleysi eru metnar og gripið til viðeigandi aðgerða til að draga úr ógninni. Ef ekki er hægt að draga úr ógn við hlutleysi er faggilding ekki veitt.

Faggildingar sem ISAC bíður upp á eru opnar öllum þeim umsækjendum sem uppfylla skilyrði faggildingarinnar.

ISAC er ekki eigandi að samræmismatsstofu né með aðra viðskiptalega hagsmuni tengda samræmismatsstofum. Starfsfólk ISAC vinnur ekki með faggiltum samræmismatsstofum sem þau eða nánir fjölskyldumeðlimir eru tengd. Starfsfólki faggildingar er skylt að upplýsa um hagsmunaárekstra. Þau skulu tilkynna ISAC tafarlaust ef þau hafa einhver tengsl við samræmismatsstofu eða umsækjendur um faggildingu. Undirverktakar ISAC skulu einnig upplýsa um hagsmunaárekstra eða ógn við hlutleysi. Ógnir við hlutleysi eru metnar og gripið til viðeigandi aðgerða. Allt starfsfólk faggildingar skal vera laust við óhóflegan þrýsting þ.m.t. viðskiptalegan eða fjárhagslegan ávinning sem getur haft áhrif á getu þeirra til að vinna á hlutlausan hátt.

ISAC veitir ekki ráðgjafþjónustu og starfsfólk ISAC vinnur ekki sem faggildingarráðgjafar. ISAC mælir ekki með einstaka ráðgjafþjónustu fyrir faggildingu.

Stjórnendur og starfsfólk ISAC hafa skilið og skuldbundið sig til að innleiða þessa stefnu og viðeigandi verkferli.



Elías M. Erlendsson

Sviðsstjóri faggildingarsviðs – ISAC

17.01.2020